



Jökulsá á Dal. Staða í september 1997

Elsa G. Vilmundardóttir

Greinargerð EGV-97-06



Jökulsá á Dal Staða í september 1997

Tilgangur

Í samningi milli ALD og ROS dags. 27.05.1997 segir í Lýsingu á Rannsóknarverkefnum 1997, bls. 1:

Auðlindadeild ver 1.000 þkr til að hrinda af stað tölvutekt á jarðfræðikortum af virkjunarsvæði Jökulsár á dal og Jökulsár á Fjöllum. Þetta framlag er til að tölvutaka upplýsingar um jarðfræði, sem safnað hefur verið af starfsmönnum Orkustofnunar. Gert er ráð fyrir því að Landsvirkjun leggi annað eins á móti, sem þá yrði nýtt til að gera samsvarandi skil þeim gögnum sem safnað hefur verið á þeirra vegum.

Staða verkefnisins 1. okt. 1997:

Jarðfræðikort Helga Torfasonar, sem eru byggð á gögnum Bessa Aðalsteinssonar, (nr. 5 og 6 á korti og í heimildalista) hafa verið tölvutekin og hefur Árni Hjartarson séð um þann hluta verksins með aðstoð Elfar Sifjar Sigurðardóttur.

Elsa hefur safnað saman gögnum og hafið undirbúning að innslætti hluta þeirra í gagnagrunn í samráði við Hilmar Sigvaldason og Skúla Víkingsson. Elsa er að ganga frá jarðfræðikorti af svæðinu austan Jökulsár á Fjöllum (nr. 24 á korti og í heimildalista). Stór hluti jarðfræðikorts Guttorms Sigbjarnarsonar (nr. 1 á korti og í heimildalista) hefur verið tölvutekinn og skeyttur við það.

Kristján Sæmundsson vann að jarðfræðikortlagningu milli Jökulsár á Dal og Vesturdals 6 daga í ágúst og sept. (nr. 25 á korti og í heimildalista).

Bæði kortið (samantekt Skúla Víkingssonar) og heimildalistinn eru byggð á gögnum, sem ná út fyrir mörk þessa verkefnis til austurs. Þar eru talin upp þau kort sem unnin hafa verið á vegum Orkustofnunar og Landsvirkjunar þar sem þau mynda samfellda þekju frá Ódádahrauni að Berufirði og auk þess doktorsverkefni tveggja starfsmanna Orkustofnunar (nr. 17 og 21 á korti og í heimildalista), sem tengjast þeim.

Fjárhagsstaða 1. Okt. 1997.

Fárveiting til verksins 1997 er:

Frá ROS-ALD **1.000.000**

Frá Landsv. **1.000.000**

Samtals: 2.000.000 kr.

Útgjöld f.o.m. jan - t.o.m. sept. eru ca. **1.300.000**

Eftirstöðvar af fjárveitingu til áramóta eru ca. **700.000**

Áætluð vinna og verkefnisstaða um áramót:

Rannsóknir Kristjáns Sæmundssonar

Fyrirhugað er að Kristján komi til Elsu viðbótar upplýsingum og leiðréttingum af því svæði sem hann kortlagði í sumar og haust. Elsa er að ganga frá korti og skýrslu um Fjallgarðana og svæðið vestan þeirra að Jökulá á Fjöllum, sem verður tilbúin í árslok. Rétt er að benda á að ekki var gert ráð fyrir rannsóknum Kristjáns og vinnu hans við frágang gagna í áætluninni frá 27.05.1977.

Tölvutekt eldri korta

Unnið verður áfram í að tölvutaka eldri kort; og verður kort Ágústs Guðmundssonar (nr. 10 og 22 á korti og í heimildalista) tekið fyrir og er líklegt er að því verði lokið um áramót. Þá væru komin í gagnagrunn Orkustofnunar tölvutekin jarðfræðikort sem næðu frá Fljótsdalsheiði og Múla (10 og 22) og inn í Ódáðahraun (24). Þess ber þó að geta að leggja þarf vinnu í að samræma kortin ef þau eiga að koma að fullum notum.

Fjárhagsáætlun okt.-des. 1997

Sérfr.	Unnar klst.	Kr. per klst.	Samtals
ÁH	30	3374	101.122
10%			10.112
EGV	64	3374	215.936
10%			21.594
GSI	60	2430	145.800
20%			29.160
KS	40	3915	156.600
10%			15.660
Samtals			695.984

Gerð verður grein fyrir stöðu verkefnisins í árslok 1997.

Verkefni næsta árs:

Vinna í gagnagrunni

Ef gert er ráð fyrir að ofangreind markmið náist er samt talsvert verk að vinna til viðbótar í gagnagrunni svo að talist geti fullnægjandi og er æskilegt að einhverju fé verði veitt til þess á næsta ári svo að sú vinna sem þegar verið innt af hendi nýtist betur.



Útvinna

Það hefur þó takmarkaðan tilgang að leggja vinnu í tölvutekt jarðfræðigagna ef samræmi skortir. Það kallar á útvinnu, einkum þar sem kort liggja saman. Brýnast er þessu sambandi sambandi að yfirfara svæðið frá Fiskidal að Jökulsá Fjöllum og syðri hluta Brúardala sem viðbót við rannsóknir Kristjáns Sæmundssonar sl. sumar. Má gera fyrir 12-14 útvinnudögum að ferðum meðtöldum auk úrvinnslu rannsókna.

Heimildir:

8. Arnþór Ó. Arason 1976: **Austurlandsvirkjun. Múli og Hraun, jarðfræðiskýrsla.** OS ROD 7625, Orkustofnun, Raforkud., 20 bls. auk korta og sniða.
10. Ágúst Guðmundsson 1990: **Berggrunnskort Múli-Hraun, kort nr. 2247 B, 1:50.000,** Orkustofnun, Vatnsorkudeild, Landsvirkjun.
22. Ágúst Guðmundsson 1990: **Berggrunnskort Fljótsdalur, Fljótsdalsheiði, kort nr. 2249 B, 1:50.000,** Orkustofnun Vatnsorkudeild, Landsvirkjun.
23. Árni Hjartarson, Gunnar Ólafsson og Þórólfur H. Hafstað 1997: Sviðinhornahraun, Berggrunnskort, Orkustofnun ROS.
24. Elsa G. Vilmundardóttir 1997: **Berggrunnskort af Fjallgördum 1:100.000.** Orkustofnun ROS.
21. Guðmundur Ómar Friðleifsson 1983: **The Geology and the alteration history of the Geitafell Central Volcano Southeast Iceland.** Ph.D thesis, University of Edinburgh, 381 p. og jarðfræðikort í 1:50.000.
1. Guttormur Sigbjarnarson 1988: **Krepputunga og Brúardalir. Lýsingar á kortteiningum jarðfræðikorts,** Orkustofnun, OS-88038/VOD-06, 44 bls.
17. Helgi Torfason 1979: **Investigations to the Structure of South-East Iceland.** Ph.D thesis, University of Liverpool, 568 p, ásamt korti í 1:50.000
5. Helgi Torfason og Bessi Aðalsteinsson 1990: **Vesturöræfi 2214-IV, 1:50.000, berggrunnskort, unnið eftir handriti Bessa Aðalsteinssonar,** Orkustofnun.
6. Helgi Torfason og Bessi Aðalsteinsson 1990: **Þríhyrningur 2215 III, 1:50.000, berggrunnskort, unnið eftir handriti Bessa Aðalsteinssonar,** Orkustofnun.
3. Jóhann Helgason 1987: **Jarðfræðirannsóknir á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum við Möðrudal.** Orkustofnun, Vatnsorkudeild, OS-87005/VOD-01, 68 bls. og jarðfræðikort.
4. Jóhann Helgason 1990: **Jarðlagfræði Brúardalir-Fiskidalsháls,** Landsvirkjun, 78 bls. og kort.
25. Kristján Sæmundsson 1997, Brúardalir
15. Snorri Zóphóniásson og Björn Jónasson 1979: **Fossá í Berufirði. Jarðfræðikönnun á virkjunarsvæði,** Orkustofnun, OS-79015/ROD-06, 15 bls., auk korta í mkv. 1:20.000 og sniða.

1 3 4 5 6 8 10 15 17 21 22 23 24 25



0 10 km
1:-----2:-----3:-----4:-----5:-----6:-----7:-----8:-----9:-----10:-----11:-----12:-----13:-----14:-----15:-----16:-----17:-----18:-----19:-----20:-----21:-----22:-----23:-----24:-----25:-----